Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. maí 2010, var Sigurjóni Rúnari Jakobssyni, kt. 160453-4519 veitt heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Sama dag var undirrituð skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum. Frumvarp að nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skuldara var afgreitt frá undirritaðri þann 30. júní 2010.

Með úrskurði héraðsdóms, uppkveðnum þann 20. september 2010, var orðið við kröfu um staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar á grundvelli frumvarpsins. Frestur til að skjóta þeim úrskurði til Hæstaréttar er nú liðinn án þess að málskot hafi átt sér stað. Úrskurðurinn er því orðinn endanlegur og nauðasamningur til greiðsluaðlögunar þannig komin á samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 21/1991.

Reykjavík, 5. október 2010.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hdl.

(2010016810)

Útgáfud.: 13. október 2010

Staðfesting nauðasamnings til greiðsluaðlögunar

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 18. maí 2010, var Elínu Halldórsdóttur, kt. 290969-4529 veitt heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Sama dag var undirrituð skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum. Frumvarp að nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skuldara var afgreitt frá undirritaðri þann 13. júlí 2010.

Með úrskurði héraðsdóms, uppkveðnum þann 16. september 2010, var orðið við kröfu um staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar á grundvelli frumvarpsins. Frestur til að skjóta þeim úrskurði til Hæstaréttar er nú liðinn án þess að málskot hafi átt sér stað. Úrskurðurinn er því orðinn endanlegur og nauðasamningur til greiðsluaðlögunar þannig komin á samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 21/1991.

Reykjavík, 5. október 2010.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hdl.

(2010016809)

Útgáfud.: 13. október 2010

Þinghald vegna kröfu um staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands 2. júlí 2010 var Birni Steingrímssyni, kt. 200166-4429, Silfurbraut 6, Höfn í Hornafirði, veitt heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar samkvæmt ákvæðum X. kafla a. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. lög nr. 24/2009. Var Sigríður Kristinsdóttir hdl. skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum þessum.

Skuldari hefur með bréfi, er barst dómnum í dag 6. október 2010, krafist þess að nauðasamningur til greiðsluaðlögunar verði staðfestur. Umsjónarmaður mælir með því að svo verði gert.

Frumvarp til nauðasamnings er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Allar kröfur skulu færðar niður um 40% við staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Skuldari skal síðan greiða kr. 25.000 á mánuði í 60 mánuði til samningskröfuhafa. Fjárhæðin er bundin launavísitölu miðað við ágúst 2010 til greiðsludags hvernar kröfu. Greiðsla skal fara fram 5. hvers mánaðar, í fyrsta skipti í byrjun mánaðar eftir staðfestingu nauðasamnings.

2. Eftirtaldir lánadrottnar eiga rétt til greiðslu samkvæmt greiðsluáætlun skuldara eins og neðan er lýst: Kröfuhafar eru: Lífeyrissjóður verkfræðinga, 47,7644%, NBI hf., 11,9412% og Lánasjóður íslenskra námsmanna, 40,2944% og skiptist mánaðarleg greiðsla milli þeirra í framangreindum hlutföllum. Samtals nema samningskröfur 11.671.307 krónum.

3. Á tímabilinu koma til greiðslu alls kr. 1.500.000 að viðbætti hækun skv. launavísitölu. Eftirstöðvar að liðnum fimm árum nema þá kr. 5.502.783 miðað við stöðuna í dag. Eftirstöðvar verða líklegast lægri, þ.s. gera má ráð fyrir að mánaðargreiðsla hækki þ.s. hún er bundin við launavísitölu. Á eftirstöðvarnar bætast ekki verðbætur, vextir, dráttarvextir né annar kostnaður sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 21/1991.

4. Engum umdeildum kröfum var lýst.

5. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum skv. framangreindu.

Hér með er skorað á þá sem vilja koma fram andmælum við staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar með ofangreindum skilmálum að mæta á dómþing héraðsdóms Austurlands, sem verður háð í dómsal embættisins að Lyngási 15, Egilsstöðum, fimmtudaginn 21. október 2010, kl. 13.00, þegar krafa um staðfestingu nauðasamnings þessa til greiðsluaðlögunar verður tekin fyrir.

Héraðsdómi Austurlands, 6. október 2010.

Halldór Björnsson dómstjóri.

(2010016806)

Útgáfud.: 14. október 2010

Þinghald vegna staðfestingar nauðasamnings til greiðsluaðlögunar

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 18. júní 2010 var Eggerti Thorberg Guðmundssyni, kt. 200776-5269, Flúðaseli 70, Reykjavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar samkvæmt X. kafla a. laga nr. 21/1991, sbr. lög nr. 24/2009. Var Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum þessum.

Skuldari hefur með bréfi dags. 5. október 2010 krafist þess að nauðasamningur verði staðfestur. Umsjónarmaður hefur mælt með því að svo verði gert.

Í tillögu að nauðasamningi er mælt með að 75% samningskrafna á hendur skuldara verði gefnar eftir við staðfestingu nauðasamningsins, greiðslufrestur verði veittur í tvö ár frá þeim tíma en að hann greiði kr. 115.000 á mánuði í þrjú ár af þeim 25% krafna sem ekki verða gefnar eftir. Gjalddagi fyrstu greiðslu af þeim 115.000 kr. sem skuldara ber að greiða í þrjú ár er fyrsti dagur 25 mánaðar eftir að frumvarpið er staðfest af héraðsdómi. Eindagi greiðslu er fimmtándi dagur sama mánaðar. Trygging verði ekki sett fyrir greiðslum. Mánaðarlega greiðslan skal bundin launavísitölu staðfestingarmánaðar og taka breytingum í samræmi við það. Að fimm árum liðnum rakni sá hluti við sem eftir stendur, að frágættum innborgunum á tímabilinu.

Hér með er skorað á þá, sem vilja hafa uppi andmæli gegn staðfestingu nauðasamnings með ofangreindum skilmálum, að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem verður háð í Dómhúsinu við Lækjartorg, dómsal 401, fimmtudaginn 21. október nk., kl. 10.30, þegar krafa um staðfestingu nauðasamnings þessa verður tekin fyrir.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 13. október 2010.

Kolbrún Sævarsdóttir settur héraðsdómari.

(2010016834)

Útgáfud.: 13. október 2010

Framhald nauðungarsölu

Uppboð á fasteigninni Brekastíg 7B, fastanúmer 218-2855, Vestmannaeyjum, sem byrjaði 2. september 2010, verður

fram haldið á eigninni sjálfri miðvikudaginn 3. nóvember 2010, kl. 14:00.

Með því að þinglýstur eigandi, Ester Magnúsdóttir, kt. 140142-2209, hefur ekki vitjað ábyrgðarpósts, er þessi tilkynning gagnvart henni birt í Lögbirtingablaðinu skv. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1991.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

Karl Gauti Hjaltason.

(2010016803)

Útgáfud.: 15. október 2010

Nauðungarsölu - Ísafjörður

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Hafnarstræti 1, Ísafirði, 18. nóvember 2010 kl. 10.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Aðalstræti 15,

Ísafirði.

Fastanr.: 211-9041.

Gerðarþoli (-ar): Brynjar Þór Ólafsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Tryggingamiðstöðin hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 78.338.

2010016903)

Heiti eignar: Brimnesvegur 14,

Flateyri.

Fastanr.: 212-6343.

Gerðarþoli (-ar): Adam Pogorzelski.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 233.568.

2010016904)

Heiti eignar: Hlíðargata 42,

Þingeyri.

Fastanr.: 212-5595.

Gerðarþoli (-ar): Konráð Kristinn Konráðsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 474.578.

2010016905)

Heiti eignar: Hlíðargata 44,

Þingeyri.

Fastanr.: 212-5596.

Gerðarþoli (-ar): Janine Elizabeth Long og Jóhannes Kristinn Ingimarsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sparisjóður Vestfirðinga.

Fjárhæðir krafna í kr.: 7.341.905.

2010016906)

Heiti eignar: Langeyrarvegur 19,

Súðavíkurhreppur.

Fastanr.: 229-1039.

Gerðarþoli (-ar): Ari ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Súðavíkurhreppur.
Fjárhæðir krafna í kr.: 70.173.
 2010016907)

Heiti eignar: Langeyrarvegur 19,
 Súðavíkurhreppur.

Fastanr.: 229-1040.

Gerðarþoli (-ar): Ari ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Súðavíkurhreppur.
Fjárhæðir krafna í kr.: 70.447.
 2010016908)

Heiti eignar: Suðurtangi 2, iðnaður 02-0102,
 Ísafirði.

Fastanr.: 222-9261.

Gerðarþoli (-ar): Sæfari, fél. áhugam. um sjósp. Ísaf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 13.712.463.
 2010016909)

Heiti eignar: Suðurtangi 2, iðnaður 02-0105,
 Ísafirði.

Fastanr.: 225-2110.

Gerðarþoli (-ar): Sæfari, fél. áhugam. um sjósp. Ísaf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 13.712.463.
 2010016910)

Heiti eignar: Suðurtangi 2, íbúð 02-0101,
 Ísafirði.

Fastanr.: 212-0525.

Gerðarþoli (-ar): Sæfari, fél. áhugam. um sjósp. Ísaf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 13.712.463.
 2010016911)

Heiti eignar: Suðurtangi 2, ósamþ. íbúð 02-0202,
 Ísafirði.

Fastanr.: 222-9263.

Gerðarþoli (-ar): Sæfari, fél. áhugam. um sjósp. Ísaf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 13.712.463.
 2010016912)

Heiti eignar: Valur ÍS-20, skskrn. 1440.

Gerðarþoli (-ar): Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Byggðastofnun.

Fjárhæðir krafna í kr.: 489.194.371.
 2010016913)

Heiti eignar: Varmidalur, landnr. 17991,
 Flateyri.

Gerðarþoli (-ar): Valdemar Sigurjón Jónsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): N1 hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 7.948.147.

2010016914)

Sýslumaðurinn á Ísafirði,

13. október 2010.

Bryndís Ósk Jónsdóttir ftr.

(2010016902)

Útgáfud.: 13. október 2010

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

H. Sig ehf.,

kt. 570599-3139,

Krókavaði 5, Reykjavík

Skiptafundur:

2. nóvember 2010,

kl. 10.00

Reykjavík, 5. október 2010.

Ásdís J. Rafnar hrl.

(2010016827)

Útgáfud.: 12. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 12. maí 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. október 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Jóntak ehf.,

kt. 500903-2010,

Dugguvogi 6, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 357.378.666

Reykjavík, 6. október 2010.

Grétar Hannesson hdl.

(2010016655)

Útgáfud.: 12. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. mars 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5.

október 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Organic ehf., kr. 11.644.254
kt. 541008-1280,
Ásholt 28, Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2010.

Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

(2010016653)

Útgáfud.: 12. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. nóvember 2006 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 22. september 2010.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Hörður Kristjánsson ehf., kr. 127.750.049
kt. 430789-2019,
Háaleitisbraut 68, Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2010.

F.h. Þorsteins Einarssonar hrl.,
Jóhannes S. Ólafsson hdl.

(2010016616)

Útgáfud.: 13. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. maí 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Tilkynning þessi er endurbirt vegna misritunar á fjárhæð lýstra krafna. Fyrri auglýsing um skiptalok var áður birt 18. ágúst 2010, útgáfunr. 201001429.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. ágúst 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Grund- Barð ehf., kr. 107.901.138
kt. 490604-2940,
Þúfubarði 4, Hafnarfirði

Reykjavík, 1. október 2010.

Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

(2010016818)

Útgáfud.: 13. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. maí 2002 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 16. apríl 2010.

Skiptum var lokið með úthlutun skv. 160. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerðinni greiddust veðkröfur kr. 1.020.974 að fullu og kr. 107.916 upp í forgangskröfur sem voru kr. 18.158.537 eða 0,5686%. Lýstar almennar kröfur voru 146.535.275 og fékkst ekkert upp í þær.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Leikfélag Íslands ehf., kr. 165.714.786
kt. 670498-2049,
Vonarstræti 3, Reykjavík

Reykjavík, 1. október 2010.

Páll Arnór Pálsson hrl.

(2010016817)

Útgáfud.: 13. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. júní 1997 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. apríl 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Sverrir M. Sverrisson, kr. 5.881.964
kt. 091136-4229,
Goðaland 16, Reykjavík

Reykjavík, 1. október 2010.

Páll Arnór Pálsson hrl.

(2010016816)

Útgáfud.: 13. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. júní 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. september 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Sólark-Arkitekt-Hugverkshús kr. 5.879.742
ehf.,
kt. 590704-2020,
Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði

Reykjavík, 5. október 2010.
F.h. Hjördísar E. Harðardóttur hrl.,
Birgir Már Björnsson hdl.

(2010016815)

Útgáfud.: 13. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. janúar 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Lýstar veðkröfur voru kr. 1.264.359.846 og upp í þær komu kr. 64.449.035.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. apríl 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
S-34 ehf., kt. 530308-0490, Sæviðarsundi 34, Reykjavík	kr. 1.265.264.405

Reykjavík, 5. október 2010.
Sveinn Guðmundsson hrl.

(2010016808)

Útgáfud.: 13. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 10. júní 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. september 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Konný ehf., kt. 570203-3710, Öldugötu 18, Dalvík	kr. 4.497.347

Akureyri, 28. september 2010.
Þorsteinn Hjaltason hdl.

(2010016654)

Útgáfud.: 15. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. maí 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. september 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Þ.A.G. ehf., kt. 620605-1150, Arnarhrauni 8, Grindavík	kr. 63.134.316

Reykjavík, 27. september 2010.
F.h. Berglindar Svavarsdóttur hrl.,
Daníel Pálmason hdl.

(2010016917)

Útgáfud.: 15. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. apríl 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. október 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Plötur og músík ehf., kt. 440304-2570, Öldugötu 12, Reykjavík	kr. 8.482.478

Reykjavík, 5. október 2010.
F.h. Guðmundar H. Péturssonar hdl.,
Eldjárn Árnason lögfr.

(2010016901)

Útgáfud.: 15. október 2010

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 8. júní 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. september 2010 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Ingólfur Hjálmarsson ehf., kt. 670707-0320, Eyrargata 47, Selfossi	kr. 18.965.890

Reykjavík, 28. september 2010.
F.h. Guðmundar H. Péturssonar hdl.,
Eldjárn Árnason lögfr.

(2010016894)

Útgáfud.: 14. október 2010

Auglýsing um skipulag – Sveitarfélagið Garður / endurbirt

Samkvæmt 1. mgr. 21. greinar skipulags- og byggingarlaga og samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga

að breytingu á aðal- og deiliskipulagi við iðnaðarlóðar við Berghóla:

Tillaga að breytingu á aðal- og deiliskipulagi við Berghóla vegna flæðigryfju við Selvík.

Skipulagstillögurnar eru framsettar á aðalskipulagsuppdraetti, deiliskipulagsuppdraetti og sameiginlegri umhverfisskýrslu, greinargerðir eru á uppdráttum.

Breyting fellst m.a. í flæðigryfju í Selvík fyrir förgun kerbrota og lögn fyrir yfirborðsvatn.

Skipulagstillögurnar ásamt umhverfisskýrslu og greinargerð verðar til sýnis á skrifstofu Garðs að Sunnubraut 4, virka daga kl 9.30-15.00 frá og með 14. október 2010 til 25. nóvember 2010.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 25. nóvember 2010.

Ofangreind gögn má ennfremur nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.svgardur.is>. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Garðs að Sunnubraut 4, Garði. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Skipulagsfulltrúi.

(2010016657)

Útgáfud.: 14. október 2010

Auglýsing um skipulag - uppsveitir Árnassýslu og Flóahrepps

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga eru hér kynntar breytingar á aðalskipulagi í Bláskógabyggð:

1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Syðri-Reykja.

Í breytingunni felst að um 90 ha svæði fyrir frístundabyggð suðvestan við bæjartorfu Syðri-Reykja fellur út. Svæðið verður að mestu skilgreint sem landbúnaðarsvæði en að auki er gert ráð fyrir um 4 ha iðnaðarsvæði á suðausturhluta spildunnar sem fyrirhugað er nýta fyrir meðhöndlun á seyru. Áður en tillagan verður tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn verður hún til kynningar í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga á skrifstofu Bláskógabyggðar og á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, Laugarvatni, frá fimmtudeginum 14. október til föstudagsins 22. október 2010. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni <http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/>.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

2. Tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 í landi Syðri-Brúar.

Í breytingunni felst að um 2 ha svæði syðst á jörðinni, vestan þjóðveggar, breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði þar sem fyrirhugað er að stofna lítið lögbýli. Á umræddu svæði er í gildi deiliskipulag fyrir tvær frístundahúsalóðir og verður því breytt í kjölfar aðalskipulagsbreytingarinnar.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins á Borg og hjá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps, Dalbraut 12, Laugarvatni frá 14. október til 5. nóvember

2010. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni <http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/>.

Athugasemdir við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 5. nóvember 2010 og skulu þær vera skriflegar. Hvers sá sem ekki gerir athugasemdir fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

3. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingvallasveitar 2003-2015 í landi Heiðarbæjar.

Um er að ræða lagfæringu á uppdraetti á þann hátt að frístundahúsalóðir sem þegar eru til staðar á jörðinni eru skilgreindar sem svæði fyrir frístundabyggð í stað landbúnaðarsvæðis. Ekki er um fjölgun lóða að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

4. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða í landi Nesja í Grímsnes- og Grafningshreppi. Setberg.

Tillaga að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða í landi Nesja, svæði sem kallast Setberg. Lóðirnar eru 4,1 og 5,1 ha að stærð og eru ofan við Grafningsveg. Á lóðunum verður heimilt að reisa frístundahús á bilinu 50-300 fm auk þess sem aukahús má vera allt að 40 fm.

5. Deiliskipulag frístundahúsalóða við Hvítárbraut í landi Vaðness í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskipulagi 10 frístundahúsalóða við Hvítárbraut í landi Vaðness. Á umræddu svæði eru í dag 8 lóðir en ekkert deiliskipulag í gildi. Samkvæmt tillögunni stækkar lóð nr. 15 úr 3.000 fm í 6.000 fm og í staðinn minnkar lóð nr. 17 úr 10.600 í 7.600 fm. Þá er gert ráð fyrir að lóð nr. 19 sem í dag er rúmír 3 ha verði skipt í þrjár lóðir. Á hverri lóð má reisa allt að 250 fm frístundahús og allt að 40 fm aukahús, þó þannig að nýtingarhlutfall fari ekki upp fyrir 0,03.

6. Deiliskipulag frístundar- og skógræktarsvæðis úr landi Grafar við Flúðir í Hrunamannahreppi.

Tillaga að deiliskipulagi 5,6 ha spildu úr landi Grafar (landr. 212305) við Flúðir, svæði sem liggur á milli frístundabyggðarinnar Alftabyggð og Bræðratunguvegar. Á spildunni er gert ráð fyrir 6 frístundahúsalóðum ásamt svæði fyrir skógrækt.

7. Deiliskipulag Garðyrkjubýlisins Götu í Hrunamannahreppi.

Tillaga að deiliskipulagi garðyrkjubýlisins Götu, landnr. 166750. Skipulagssvæðið er 4,7 ha en jörðin er 95 ha í heild. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, nr. 1. fyrir allt að 3.000 fm viðbyggingu við núverandi gróðurhús og nr. 2 fyrir allt að 120 fm starfsmannahús. Þá er gert ráð fyrir að borað verði eftir heitu vatni norður af gróðurhúsi.

8. Deiliskipulag bæjartorfu Birtingaholts 2, 4 og 5 í Hrunamannahreppi.

Tillaga að deiliskipulagi bæjartorfu Birtingaholts 2, 4 og 5. Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir lóð fyrir vélageymslu og kornvinnslu, lóð fyrir sumarhús/starfsmannahús, lóð fyrir íbúðarhús og byggingarreit fyrir bílskúr.

9. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Högnastaða í Hrunamannahreppi.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Högnastaða, landnr. 166779. Um er að ræða 24,6 ha svæði meðfram Bræðratunguvegi að sunnanverðu þar sem gert er ráð fyrir 22 frístundahúsalóðum. Hámarksstærð frístundahúsa er 210 fm, nýtingarhlutfall lóða má þó ekki vera hærra en 0,03.

10. Deiliskipulag fyrir hálendismiðstöðina Kerlingafjöll í Hrunamannahreppi ásamt umhverfisskýrslu.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir landið Ásgarð í Kerlingafjöllum sem skv. svæðisskipulagi miðhálandisins er skilgreint sem hálendismiðstöð, ásamt umhverfisskýrslu. Innan svæðisins eru í dag fjölmargar byggingar sem áður tengdust nýtingu svæðisins sem skiðasvæðis. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir þremur nýjum gisti- og þjónustuhúsum auk þess sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að stækka nokkur af þeim húsum sem þegar eru á svæðinu. Þá er einnig gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum til að bæta aðstöðu á svæðinu.

11. Deiliskipulag lóðar fyrir fjarskiptamastur í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi lóðar fyrir allt að 24 m fjarskiptamastur í landi Úteyjar II, á svæði sunnan Þjóðvegur nr. 364 á móts við aðkomuvegi að frístundabyggð úr landi Úteyjar I.

12. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar í Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar við Þingvallavatn. Innan skipulagssvæðisins eru þegar 88 byggðar frístundahúsalóðir og með deiliskipulagi er verið að afmarka lóðirnar með nákvæmari hætti en áður auk þess að setja ákveðna byggingarskilmála. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að reisa allt að 250 fm frístundahús á hverri lóð auk allt að 30 fm aukahúss. Nýtingarhlutfall lóða má þó ekki fara upp fyrir 0,03.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

13. Breyting á deiliskipulagi Sólheima í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ný íbúðarhúsalóð.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sólheima sem felst í að gert er ráð fyrir nýrri íbúðarhúsalóð, Hrisbrú 1, sem verður fyrsta lóðin vestan megin við götuna. Lóðin er 1.750 og er heimilt að reisa þar tveggja hæða íbúðarhús auk allt að 30 fm bilskýlis og 30 fm gróðurhús.

14. Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Norðukots í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu á skilmálum í landi Norðukots sem felur í sér að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0,03. Á hverri lóð er gert ráð fyrir einu frístundahúsi auk þess sem heimilt verður að reisa aukahús sem mega að hámarki vera 40 fm. Á hverri lóð mega eingöngu vera tvö íveruhús. Í gildindi skilmálum er heimilt að reisa allt að 200 fm aukahús og eitt allt að 25 fm aukahús.

15. Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu á skilmálum í landi Ásgarðs á svæði

sem afmarkast af Búrfellslæk, Sogi, Álftavatni og landamörkum við Miðengi. Tillaganfelur í sér að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0,03. Á hverri lóð er gert ráð fyrir einu frístundahúsi auk þess sem heimilt verður að reisa aukahús sem mega að hámarki vera 40 fm. Á hverri lóð mega eingöngu vera tvö íveruhús. Í gildindi skilmálum er heimilt að reisa allt 120 fm frístundahús.

16. Breyting á deiliskipulagi 16 ha svæðis sem kallast Hesthagi úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í gildandi deiliskipulagi, sem nær til 16 ha lands, er gert ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum auk opins svæðis en skv. breytingartillögu er gert ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði með byggingarreit fyrir íbúðarhús, hesthús og skemmu. Eitt hús hefur þegar verið reist innan svæðisins.

17. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Baulurima úr landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í breytingunni felst að sameinaðar eru nokkrar lóðir innst í Baulurima, úr landi Klausturhóla, þannig að þær verða 4 í stað 13, á bilinu 2-5 ha. Þá er gert ráð fyrir að skilmálar breytist þannig að heimilt verður að reisa allt að 300 fm frístundahús á hverri lóð í stað 100 fm, auk þess sem heimilt verður að reisa allt að 40 fm aukahús í stað 25 fm. Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki fara upp fyrir 0,03.

18. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðanna Farborgir og Miðborgir úr landi Miðengis í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu á skilmálum tveggja frístundabyggða úr landi Miðengis sem kallast Farborgir og Miðborgir. Samkvæmt gildandi skilmálum skal þakhalli frístundahúsa vera á bilinu 15-45 gráður, en breytingartillagan gerir ráð fyrir að hús megi vera með þakhalla á bilinu 0-45 gráður.

19. Breyting á deiliskipulagi orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi. Í breytingunni felst að 3 byggingarreitir fyrir orlofshús eru felldir út auk þess sem gert er ráð fyrir tjaldssvæði á svæði sem áður var skilgreint sem svæði fyrir mögulega framtíðarbyggð.

20. Endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðar í landi Tortu í Bláskógabyggð.

Innan skipulagssvæðisins eru 18 um eins hektara lóðir. Allar lóðirnar hafa verið stofnaðar í fasteignaskrá, en eingöngu eitt hús verið byggt á svæðinu. Helsta breyting frá gildandi deiliskipulagi er að byggingarreitir stækka auk þess sem skilmálar leyfa stærri hús en áður.

21. Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar á Flúðum. 2. áfangi íbúðarbyggðar.

Skipulagssvæðið er um 39 ha að stærð og afmarkast af Hvítárholtssvegi og Bræðratunguvegi að norðanverðu, frístundabyggð úr landi Efra-Sels að vestan, Stóru-Laxá að sunnan og tjaldssvæði sveitarfélagsins að austan. Um er að ræða 2. áfanga íbúðarsvæðisins en samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru 12 stórar einbýlishúsalóðir syðst á svæðinu. Breytingin felur í sér að við bætast 53 einbýlishúsalóðir og samtals 60 íbúðir í parhúsum á svæði norðan við núverandi lóðir. Í heild er því gert ráð fyrir allt að

125 íbúðum á svæðinu í heild.

22. Breyting á deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum í Hrunamannahreppi ásamt umhverfisskýrslu.

Breytingin er gerð til samræmis við samþykktu breytingu á aðalskipulagi vegna færslu á Bræðratunguvegi. Í henni felst að þjóðvegurinn sem nú liggur við efri-mörk skipulagssvæðisins færist til suðurs inn á núverandi tjald- og þjónustusvæði þannig að þjónustusvæði verður norðan vegar og tjaldsvæði sunnan. Þá breytist einnig lega aðkomuvega og stíga á svæðinu.

23. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Vaðholt í landi Ormsstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í breytingartillögunni felst að á hverri lóð verður heimilt að reisa aukhús sem geta verið allt að 40 fm að stærð til viðbótar við aðalhús. Á hverri lóð mega þó eingöngu vera tvö íveruhús og hámarksnýtingarhlutfall lóða verður áfram 0,03. Samkvæmt gildandi skilmálum má eingöngu reisa eitt 25 fm frístundahús.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni, á skrifstofutíma frá 14. október til 26. nóvember 2010. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni <http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/>.

Athugasemdum við skipulagstillögurnar skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 26. nóvember 2010 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.

Pétur Ingi Haraldsson

skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

(2010016835)

Útgáfud.: 14. október 2010

Auglýsing um skipulagi - Vopnafjarðarhreppur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum 7. október 2010 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði samkvæmt 2. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin felur í sér skilgreiningu nýs byggingarreits við Hafnarbyggð 14 sem ætlað er fyrir hrognþurrkun.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, frá kl. 8.00 til 16.00 alla virka daga frá fimmtudeginum 14. október 2010 til fimmtudagsins 25. nóvember 2010.

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 25. nóvember 2010.

Hægt verður að nálgast uppdrátt með tillögu að breytingu á heimasiðu Vopnafjarðarhrepps,

www.vopnafjarðarhreppur.is, frá og með 14. október 2010.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps.

(2010016847)

Útgáfud.: 13. október 2010

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: NBI hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, Reykjavík, vegna útibú 0111, Laugavegi 77, Reykjavík.

Stefndi: Arctic Capital ehf., kt. 540905-1180, með síðasta skráða lögheimili að Suðurgötu 10, Reykjavík en heimilisfang nú óþekkt, fyrirsvarsmaður Jón Þór Hjaltason, kt. 160550-2959, Lettlandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Eva B Sólán Hannesdóttir hdl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 52.555.941, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6 gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 15. mars 2009 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Þann 23. mars 2006 gerðu Landsbanki Íslands hf. (nú NBI hf.) og Þekki ehf., kt. 620872-0249, með sér lánsamning nr. 0111-74-110967. Lánið var upphaflega að fjárhæð kr. 45.500.000. Láns tími skyldi vera 20 ár og skyldi lánið greiðast að fullu á næstu 20 árum með 240 jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta skyldi vera 15. apríl 2006. Vextir skyldu vera kjörvextir, skv. kjörvaxtaflokkki 1, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af bankanum, við undirritun voru þeir 5,65% og til frádráttar 0,25% vaxtaálag, eða samtals við undirritun 5,40% ársvextir. Skyldu vextir reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á gjalddögum. Lánið er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu í mars 2006, 249,5 stig, þannig að höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölunni til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni á milli gjalddaga. Höfuðstóll lánsins skyldi reiknaður út á hverjum gjalddaga áður en afborganir og vextir eru reiknaðir út. Skilyrði fyrir útborgun lánsins sbr. skilmála samningsins var að stefnanda myndi berast skrifleg beiðni um útborgun, sjá viðauka I við lánsamninginn. Bankanum barst slík beiðni þann 23. mars 2006 og var lánið greitt út skv. beiðninni og ákvæðum samningsins.

Þann 21. desember 2000 var gerð skuldskeyting við lánsamninginn á þann veg að stefndi Arctic Capital ehf., kt. 540905-1180, yfirtók skyldur lántaka samkvæmt framangreindum lánsamningi með undirritun sinni. Eftirstöðvar lánsins þann 15. október 2006 voru kr. 47.023.355. Lánið bar að greiða að fullu á næstu 19 árum með 233 jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti. Næsti gjalddagi afborgana og vaxta skyldi vera 15. nóvember 2006. Þá lofaði lántaki að greiða bankanum vexti sem skyldu vera kjörvextir, skv. kjörvaxtaflokkki 1, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af bankanum, við undirritun 6,35% og til frádráttar 0,25% vaxtaálag, eða samtals við undirritun 6,10% ársvextir. Vextir skyldu reiknast frá 15. október 2006 og greiðast eftir á sömu gjalddögum og afborganir. Að öðru leyti skyldi samningurinn haldast óbreyttur.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta skv. lánssamningnum var gefið út tryggingarbréf nr. 0111-63-110043, útg. 15. mars 2006, að fjárhæð kr. 50.050.000. Bréfið er tryggt með veði í Suðurhrauni 12B, Garðabæ, fnr. 224-6954.

Í 8. gr. lánssamningsins er að finna uppsagnarákvæði samningsins. Þar er gjaldfellingarákvæði sem heimilar bankanum að uppfylltum ákv. skilyrðum að fella lán skv. lánssamningnum í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar. Þessi heimild er til staðar m.a. í þeim tilfellum þar sem dráttur verður á greiðslu afborgana og vaxta skv. lánssamningnum. Elsti ógreiddi gjalddagi er 15. mars 2009 og hefur stefnandi nýtt sér framangreinda heimild skv. 8. grein samningsins og felld allt lánið í gjalddaga. Eftirstöðvar lánsins þann 15. mars 2009 voru kr. 52.151.765 og áfallnir samningsvextir þann dag voru kr. 404.176,00 eða samtals kr. 52.555.941, sem er stefnufjárhæðin. Stefnanda var sent innheimtubréf þann 21. september 2010. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Um samninginn gilda íslensk lög og skal mál vegna ágreinings um réttindi og skyldur aðila, rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. 14. grein lánsamningsins. Ekki hefur reynst mögulegt að birta stefnu fyrir stefnda eftir hefðbundnum leiðum, en síðasta skráða lögheimili hans er að Suðurgötu 10, Reykjavík en skv. upplýsingum utanríkisráðuneytisins mun hann vera fluttur þaðan og dvalarstaður hans nú óþekktur. Af þeim sökum reynist nauðsynlegt að birta stefnu þessa með fyrirkalli í Lögbirtingablaðinu.

Hvað aðild NBI hf. varðar þá tók Fjármálaeftirlitið (FME), með heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., þá ákvörðun að ráðstafa eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. Ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, til Nýja Landsbanka Íslands hf., kt. 471008-0280, (nú NBI hf., kt. 471008-0280) er dagsett þann 9. október 2008.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglna kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga og skuldbindingargildi loforða. Varðandi birtingu stefnunnar er vísað til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Lánssamning nr. 110967.
4. Innheimtubréf, dags. 21. september 2010.
5. Greiðsluseðil, dags. 15. mars 2009.
6. Tryggingarbréf nr. 0111-63-110043, í ljósríti.
7. Hlutafélagaskrá.

8. Afrit af ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 9. október 2008.

9. Tölvubréf frá utanríkisráðuneytinu.

10. Birtingarvottorð.

11. Ljósrít Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í.

Áskilnaður er gerður um að koma fram með nýjar málsástæður og til öflunar frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 16. nóvember 2010, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanns stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við því að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. október 2010.

F.h. stefnanda,

Eva B Sólán Hannesdóttir hdl.

(2010016828)

Útgáfud.: 14. október 2010

Svipting fjárræðis

Héraðsdómur Reykjavíkur gerir kunnugt: Með úrskurði, uppkveðnum 13. október 2010, var Sigríður Guðmundsdóttir, kt. 190626-3939, svipt fjárræði.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 14. október 2010.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari.

(2010016848)

Lögbirtingablað,

75. tölublað 2010.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.